

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 150/2002**

**frá 8. nóvember 2002**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2002 frá 12. júlí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/715/EB frá 30. nóvember 1998 til skýringar á viðauka A við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu að því er varðar meginreglur um mælingar á verði og magni <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 19da (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 264/2000) í XXI. viðauka við samninginn:

„19db. **398 D 0715:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/715/EB frá 30. nóvember 1998 til skýringar á viðauka A við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu að því er varðar meginreglur um mælingar á verði og magni (Stjtið. EB L 340, 16.12.1998, bls. 33).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 3. gr. (flokkunaraðferðir eftir vöru) gilda um Ísland og Noreg frá 1. janúar 2006.“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 35 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 340, 16.12.1998, bls. 33.

2. gr.

Texti ákvörðunar 98/715/EB, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.